



## Fundargerð

**432. fundur** í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn á Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri kl. 13:00 fimmtudaginn 9. maí 2019. Þetta er 5. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur sveitarstjóra og er 6 blaðsíður.  
Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins

Eva Björk Harðardóttir oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna.  
Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Oddviti óskar eftir viðbót við dagskrá, að við málefnnaskrá bætist;

### II. Málefni til umfjöllunar

13. 1905014 Beiðni um niðurfellingu fasteignagjalfa 2019. Björgunarsveitin Kyndill, dags. 14.04.2019.

Fundargerð 162. fundar fræðslunefndar færist úr I. Fundargerðir til samþykktar í lið III. Fundargerðir til kynningar.

*Dagskrárbreyting samþykkt.*

### Oddviti greinir frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi

*Pann 17. apríl sl. fóru oddviti og varaoddviti á fund með stjórn veiðifélags Skaftrártungumanna þar sem ræddur var möguleiki á samstarfi varðandi umsjón og rekstur félagsheimilisins Tungusels. Oddviti fór á fund stjórnar héraðsskjalasafna á Suðurlandi þann 24. apríl. Fundur var haldinn með upprekstrahöfum á Austur-Síðu þar sem rædd voru m.a. girðingamál og uppsetning hesthúss i Miklafelli. Stefnt er að fundi með Landgræðslunni til að ræða aðkomu þeirra að girðingamálum í sveitarfélagini. Oddviti sat aðalfund styrktarsjóðs Heilsugæslustöðvarinnar á Kirkjubæjarklaustri sem komið hefur myndarlega að breytingum innanhúss fyrir styrktarfé. Annar fundur vegna endurskoðunar aðalskipulags var haldinn 2. maí. Oddviti fékk kynningu frá Rarik á afhendingu götulýsingarkerfis til sveitarfélagsins.*

### I. Fundargerðir til samþykktar

1. 1809013 Fundargerð 73. fundar íþróttá- og tómstundanefndar 16. apríl 2019

1.

Ungmennaráð

- Gerð var kosning hjá skólfélaginu innan kirkjubæjarskóla og meiri hlutinn vildi að það kæmi upp aparóla. Bæta leikvöllinn fyrir utan grunnskólann.  
*Skólastjóra falið að skoða málið.*

2. Félagsmiðstöðin Klaustrið

Unnur kom með tillögu að bæta við tveimur dögum í mánuði sem yrði fyrir 5-7 bekk, þriðjudagur hvers mánaðar myndi halda en breytingarnar yrðu þær að 8-10 bekkur yrði þá.  
*Sveitarstjóra falið að ajla nánari upplýsinga um útfærsluna hjá formanni íþróttá- og tómstundanefndar og leggja fyrir sveitarstjórn.*

*Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.*

*BBH* *H*  
*XG* *BNG*



# Skaftárhreppur

2. 1801006 Fundargerð 147. fundar Skipulagsnefndar

## 1. 1901004 Péttung byggðar – Preststún og Læknistún - Breyting á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022 - Svæði ÍB2 Skerja- og Skriðuvellir

Óskað var leyfis/heimildar Skipulagsstofnunar með bréfi dags. 15.mars sl. að auglýsa lýsingu fyrir umrædd svæði.

Skipulagsstofnun með bréfi dags. 4.apríl sl. hafnaði ósk um leyfi/heimild til að auglýsa á grundvelli að um meira en óveru lega breytingu væri að ræða.

Landmótun hefur yfirfarið lýsinguna og tekið tillit til athugasemda Skipulagsstofnunar.

Skipulagsnefnd bókar eftirfarandi:

„Tekin er fyrir endurbætt skipulagslysing dagsett 9.4.2019.

Ástæða breytingarinnar er sú að gert er ráð fyrir fjölgun íbúða á reit ÍB2 Skerja- og Skriðuvellir og Klausturvegur. Um er að ræða fjölgun íbúða úr 19 i 38 íbúðir og er því einungis verið að breyta texta í aðalskipulaginu en uppdráttur mun haldast óbreyttur. Skipulagslysingin er samþykkt og skipulags- og byggingarfulltrúa falið að óska umsagna og auglýsa lýsinguna skv. 1. mgr. 30 gr. skipulagslagar nr.123/2010.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

## 2. 1606007 Deiliskipulag Hrífunes, Landnúmer 213047

Skipulagið nær til verslunar og þjónustusvæðis á lóð 213047 að Hrífunesi. Deiliskipulagi tekur til íbúðarhúss, ferðapjónustuhúsa og bílastæða. Tillagan var auglýst frá 30.júní -12.ágúst 2016. Engar athugasemdir bárust á athugasemdatíma. Fyrir liggja umsagnir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

„Skipulagsnefnd bendir á nauðsyn þess að aðgengi slökkviliðs að slökkvivatni sé tryggt. Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagið að öðru leiti með teknu tilliti til ofangreindra umsagna. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að ljúka málín.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

## 4. 1811001 Ásar - Umsókn um skráningu nýrrar lóðar úr L163301

Magnea V Svavarssdóttir f.h. Ríkiseigna óskar eftir skráningu á nýrri lóð að Ásum, úr landnúmer 163301, skv. meðf. gögnum.

„Skipulagsnefnd samþykkir erindið“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

## 5. 1804001 Laufskálavarða - Umsókn um skráningu nýrrar lóðar úr L163441

Savar Svavarsson fh. Skálmarbæjar ehf. óskar eftir skráningu á nýrri lóð við Laufskálavörðu úr landnúmeri 163441, skv. meðf. gögnum.

„Skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um uppáskrifan samþykki aðliggjandi lóðarhafa.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

MJH AH BVG  
KG



# Skaftárhreppur

## II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

### 1. 1904013 Ársreikningur Skaftárhrepps 2018 – síðari umræða

Ársreikningur 2018 var til fyrri umræðu þann 16. apríl sl. undirritaður af sveitarstjóra. Í A-hluta rekstrarreiknings voru heildartekjur 620 millj.kr sem skiptast í skatttekjur 393 millj.kr, framlög jöfnunarsjóðs 142 millj.kr og aðrar tekjur 84 millj.kr. Rekstrargjöld voru 541 millj.kr og afskriftir 16,2 millj.kr. Fjármagnsgjöld voru 8,6 millj.kr og rekstrarniðurstaða A-hluta jákvæð um 54,9 millj.kr. Heildartekjur samstæðu voru 657 millj.kr og rekstrargjöld 546 millj.kr, afskriftir 17,7 millj. rekstrarniðurstaða samstæðu var jákvæð um 81 millj.kr.

Eignir samstæðu voru samtals 757 millj.kr þar af handbært fé 140 millj.kr. Eigið fé samstæðu nam 525 millj.kr og skuldir og skuldbindingar 232 millj.kr. Veltufé frá rekstri samstæðu var 84 millj.kr og afborganir langtímalána 56,4 millj.kr. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfármunum var 80,8 millj. kr. Nýtt langtímalán var tekið á tímabilinu vegna greiðslu lifeyrisskuldbindinga vegna uppgjörs A-deilda Bruðar lifeyrissjóðs.

Sveitarstjórn pakkar stjórnendum og starfsfólk sveitarfélagsins fyrir þeirra framlag við rekstur sveitarfélagsins sem hefur skilað sér í góðri rekstrarniðurstöðu ársins 2018. Sveitarstjórn fagnar góðri fjárhagslegri aksому sveitarfélagsins sem gerir sveitarstjórn kleift að koma til móts við stöðugt vaxandi þörf á þjónustu við íbúa sveitarfélagsins vegna fjölgunar. Sveitarstjórn samþykkir ársreikning 2018 og staðfestir hann með undirritun sinni.

Eva Björk Harðardóttir oddviti lýsir yfir vanhæfi við afgreiðslu næstu tveggja liða og víkur af fundi. Í hennar stað er mætt 2. varamaður D-lista Unnur Blandon. Bjarki Guðnason varaoddviti tekur við stjórn fundarins.

### 2. 1905004 Útboð vegna lyftu við Kirkjubæjarskóla

Útboði vegna breytinga á Kirkjubæjarskóla á Síðu við uppsetningu á lyftu lauk þann 7. maí sl. Eitt tilboð barst í verkið sem var frá Digrakletti ehf. Tilboðið hljóðaði uppá 29.988.828,- og er sambærilegt við kostnaðaráætlun fyrir verkið. Tilboðið hefur verið yfirfarið af Eflu og var niðurstaðan að tilboð Digrakletts ehf. 30.179.408,-. Samið hefur verið við HM lyftur við kaup á lyftu og tengdum búnaði að upphæð 6 millj. Kostnaður vegna hönnunar og gerð útboðsgagna var 4,1 millj.

Sveitarstjórn samþykkir tilboðið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að ljúka málín.

Fjárhagsáætlun 2019 gerir ráð fyrir 35 millj. fyrir ofangreint verk og ljóst að auka þarf fjármagn í verkið. Sveitarstjóra falið að gera tillögu að viðauka við fjárfestingaráætlun 2019.

### 3. 1905003 Útboð vegna bílaplans við Íþróttamiðstöð og grunnskóla

Útboði vegna bílastæða við íþróttamiðstöð og grunnskóla lauk 7. maí sl. Tvö tilboð bárust í verkið annars vegar frá Framrás ehf. og hins vegar frá Digrakletti ehf. Framrás ehf. bauð 44.348.000,- og Digriklettur ehf 44.590.369,-. Bæði verkin eru um 2 millj. undir kostnaðaráætlun. Tilboðin hafa verið yfirfarin af Eflu og komu engar breytingar í ljós.

Sveitarstjórn samþykkir að taka tilboði Framrás ehf. og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að ljúka málín.



# Skaftárhreppur

Fjárhagsáætlun 2019 gerir ráð fyrir 28 millj. fyrir ofangreint verk. Sveitarstjóra falið að gera tillögu að viðauka við fjárfestingaráætlun 2019 til að mæta auknum kostnaði.

Unnur Blandon víkur af fundi. Eva Björk Harðardóttir oddviti kemur aftur til fundarins og tekur við stjórн hans.

## 4. 1903001 Verðkönnun vegna gangstéttá á Skriðuvöllum og Skaftárvöllum

Verðkönnun vegna Gangstéttá á Kirkjubæjarklaustri lauk þann 18. mars sl. Eitt tilboð barst í verkið að upphæð 17.832.939 frá RR Tréverk ehf. Bjóðandi yfirfór tilboð sitt og lagði inn nýtt tilboð að upphæð 15.011.519,-. Skipulags- og byggingarfulltrúi óskar eftir heimild sveitarstjórnar að semja við bjóðanda. Fjárhagsáætlun 2019 gerði ráð fyrir 10 millj. vegna verksins.

Sveitarstjórn samþykkir tilboð RR Tréverks að upphæð 15.011.519,- og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að semja við bjóðanda. Sveitarstjóra falið að gera tillögu að viðauka við fjárfestingaráætlun 2019.

## 5. 1904014 Samningur um verkefnið atvinnu- og kynningararmál í Skaftárhreppi

Skaftárhreppur og Kirkjubæjarstofa gera með sér samning um 50% stöðugildi atvinnufulltrúa og 50% stöðugildi kynningarfulltrúa. Skaftárhreppur leggur verkefninu til 10,2 millj. árið 2019. Starfsmenn verða hýstir hjá Kirkjubæjarstofu. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að undirrita samninginn fyrir sina hönd.

## 6. 1810007 Viðauki 3 við fjárhagsáætlun 2019-2022

Sveitarstjóri leggur fram eftirfarandi tillögu að viðauka við fjárfestingar ársins 2019;

Lyftuframkvæmd við Kirkjubæjarskóla: áætlun gerði ráð fyrir 35 millj. 2019. Heildarkostnaður verksins mv. við niðurstöðu útboðs, hönnunarkostnaðar og kaupa á lyftu verður 40.912.415. Viðbót við fjárfestingaráætlun vegna þessa verður því 6 millj.kr.

Bílaplan: Bílaplaníð við íþróttahúsið hefur verið stækkað umtalsvert frá fyrstu hugmyndum. Í áætlun við frágang og malbikun 2019 er gert ráð fyrir 28 millj.kr. Ljóst er að kostnaður við framkvæmdina verður um 46 millj. með hönnunarkostnaði og gerð útboðsgagna. Viðbót við fjárfestingaráætlun vegna bílaplans verður þá 18 millj.kr.

Gangstéttir á Skriðuvöllum og Skaftárvöllum: Niðurstaða verðfyrirspurnar vegna gangstéttá á Skriðuvöllum og Skaftárvöllum var riflega 5 millj. hærri en áætlun gerði ráð fyrir. En gert var ráð fyrir kostnaði að upphæð 10 millj. 2019. Viðbótarfjárfesting vegna gangstéttá verður því 5 millj. kr hærri.

Samtals viðbætur vegna fjárfestinga mv. niðurstöðu útboða er því 29 millj.

Vegna kaupa á tæki fyrir áhaldahús; fjölnota tæki sem hægt er að kaupa á ýmsar viðbætur t.d. snjómokstur, söndun, slátt ofl. Kostnaður 5,1 millj. Gert var ráð fyrir 3,5 millj. til tækjakaupa á árinu. Liðléttингur viðbót 1.642.000,-.

Lagt er til að ekki verði farið í áætlaðan flutning tónlistarskóla og skrifstofu skólaritara á þessu ári að upphæð 8,5 millj og að það fjármagn flyttist yfir á bílaplaníð við íþróttahúsið.

Viðbætur við fjárfestingar ársins 2019 verða þá 22.142.000,- og verða fjármagnaðar af handbæru fē sem lækka úr 77 millj i 55 millj.



# Skaftárhreppur

Sveitarstjórn samþykkir viðaukann.

7. 1905006 Niðurfelling hluta álagningar fjallskila fyrir Foss IIA Skaftárhreppi. Páll Kristófer Bjarnason og Bjarni Kristófersson, dags. 29.04.2019.  
*Sveitarstjórn þakkar erindið en telur sér ekki fært að verða við beiðninni.*
8. 1905007 Umsögn sveitarstjórnar Skaftárhrepps vegna vatnsveituframkvæmda í Hemru. Sigurður Ómar Gíslason, dags. 10. apríl 2019.  
*Sveitarstjórn Skaftárhrepps rekur ekki almenna vatnsveitu í Skaftrártungu og hefur ekki í hyggju að gera það. Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir að sérstök vatnsveita fyrir lögþýlið Hemru í Skaftrártungu sé hagkvæmari en tenging við almenna vatnsveitu.*
9. 1905009 Einbreiðar brýr á milli Kirkjubæjarklausturs og Lómagnúps. Ungmennaráð Skaftárhrepps, dags. 26.04.2019.  
*Sveitarstjórn þakkar erindið og tekur undir áhyggjur ungmennaráðs. Sveitarstjórn hefur begar óskað eftir fundi með Vegamálastjóra þar sem málid verður sett á dagskrá.*
10. 1905008 Þjónustusamningar um málefni fatlaðs fólks vegna byggðasamlagsins Bergrisans.  
*Fyrir fundinum liggja þjónustusamningar um málefni fatlaðs fólks vegna Bergrisans bs. Um er að ræða þjónustusamning milli sveitarstjórnar á Suðurlandi á starfssvæði Bergrisans bs. annars vegar og samning byggðasamlagsins við sveitarfélagið Árborg um þjónustu við sameiginleg verkefni Bergrisans. Gildistími samnings Bergrisans bs. við Árborg er frá 1. janúar 2019 til 31. desember 2019. Samningur sveitarstjórnanna á þjónustusvæði Bergrisans gildir frá 1. janúar 2019.*  
*Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir ofangreinda samninga fyrir sitt leyti og felur sveitarstjóra að undirrita þá fyrir sína hönd.*
11. 1905010 Beiðni um umsögn vegna umsóknar Hrafnshóls ehf. um rekstrarleyfi til sölu gistingar í flokki II í Hrífunesi. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 15.04.2019  
*Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins. Sveitarstjóra falið að kanna stöðu deiliskipulags fyrir svæðið.*  
*Jóna Björk Jónsdóttir lýsir yfir vanhæfi og vikur af fundi.*
12. 1905011 Beiðni um umsögn vegna umsóknar Vatnajökulsþjóðgarðs um rekstrarleyfi í Blágiljum til sölu gistingar í flokki II fjallaskálar. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 29.04.2019.  
*EBH, KG og AH gera ekki athugasemdir við veitingu leyfisins með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila. BG situr hjá vegna aðkomu á síðari stigum sem slökkviliðsstjóri.*  
*Jóna Björk Jónsdóttir kemur aftur til fundarins.*
13. 1905014 Beiðni um niðurfellingu fasteignagjalda 2019. Björgunarsveitin Kyndill, dags. 14.04.2019.  
*Sveitarstjórn þakkar erindið og samþykkir að fella niður fasteignagjöld á hús björgunarsveitarinnar á Kirkjubæjarklaustri. Gert er ráð fyrir niðurfellingunni fjárhagsáætlun 2019.*



### III. Fundargerðir til kynningar

1. Fundargerð 545. fundar stjórnar SASS, dags. 04.04.2019. *Fundargerð kynnt.*
2. Fundargerð 5. fundar stjórnar Bergrisans bs. dags. 09.04.2019. *Fundargerð kynnt.*
3. 1807011 Fundargerð 162. fundar Fræðslunefndar, dags. 08.05.2019. *Fundargerð kynnt.*

### IV. Annað kynningarefni

1. Málefni þjóðlenda. Forsætisráðuneytið, dags. 02.04.2019. *Kynnt.*
2. Lög um opinber innkaup taka að fullu gildi 31. maí 2019. Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 17.04.2019. *Kynnt.*

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Næsti fundur sveitarstjórnar áætlaður fimmtudaginn 20. júní 2019

Fundi slitið kl. 14:54

Eva Björk Harðardóttir  
Eva Björk Harðardóttir

Bjarki V. Guðnason  
Bjarki Guðnason

Katrín Gunnarsdóttir  
Katrín Gunnarsdóttir

Jóna Björk Jónsdóttir  
Jóna Björk Jónsdóttir

Arndís Harðardóttir  
Arndís Harðardóttir

Unnur Blandon  
Unnur Blandon